

Ed.

764. Nefndarálit

[186. mál]

um till. til þál. um athugun á hafnargerð í Þjórsárósi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur rætt tillöguna á einum fundi og gat ekki orðið sam-
mála um málið.

Undirritaðir nefndarmenn vilja vekja athygli á eftirfarandi: Þegar samgöngu-
málaráðherra svaraði fyrirspurn um hafnarmálefni í Ed. hinn 5. marz s. l., gaf hann
um það yfirlýsingu, að hann hefði ákveðið að leggja það fyrir hafnamálastjóra að
láta fram fara rannsókn á möguleikum til hafnargerðar við Þjórsárós, enda væri
nánast um sama svæði að ræða og Þykkvabæjarsvæðið, en þar var þá þegar ákveðin
frekari rannsókn. Hinn 9. marz s. l. ritaði svo samgöngumálaráðherra hafnamála-
stjóra eftirfarandi bréf:

„Ráðuneytið felur yður hér með, hr. hafnamálastjóri, að láta athuganir á mögu-
leikum til hafnaframkvæmda í Þykkvabæ jafnframt ná til slíkra athugana við
Þjórsárósa.

Jafnframt felur ráðuneytið yður að festa nú þegar kaup á nýjum bylgjumæli
í stað þess, sem glataðist á s. l. ári, en mælirinn greiðist af fjárveitingu til áhald-
kaupa á þessu ári. Bylgjumælinn skal nota til áframhaldandi mælinga hjá Dyrhólaey,
svo lengi sem þess verður talin þörf.“

Tíu dögum síðar, eða hinn 19. marz, er svo þingsályktunartillaga sú, er hér er
rætt um, lögð fram í Ed., tillaga, sem fer í þá átt að skora á ríkisstjórnina að láta
fram fara rannsókn, sem þá þegar var búið að gefa út fyrirmæli um að láta fram-
kvæma.

Með visun til þessa teljum við undirritaðir, að samþykkt tillögunnar hafi engin
áhrif á framgang þessa máls og að hún sé því með öllu óþörf.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Jón Árnason,
fundaskr.

Steinþór Gestsson,
frsm.

Jónas G. Rafnar.